



26. mars 2026

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Borgartúni 33
105 Reykjavík

Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um áform um mótun ungmennastefnu

UNICEF á Íslandi fagnar áformum um ungmennastefnu Íslands fyrir árin 2026-2033, og boði um þátttöku í samráði vegna undirbúnings stefnunnar. Að neðan eru ábendingar UNICEF á Íslandi sem lúta að mótun ungmennastefnunnar og hvernig tryggja megi að hún mæti þörfum fjölbreyttra hópa ungmenna á Íslandi.

1. Ungmennastefnan þarf að taka tillit til þess að ólíkir aldurshópar ungmenna hafa ólíkar þarfir

Ungmennastefnunni er ætlað að taka til breiðs aldurbils, ungmenna frá 13 til 30 ára. Væntingar og þarfir ungmenna á þessu aldursbili geta verið breytilegar eftir aldri. Mikilvægt er að stefnan taki tillit til þessarar fjölbreytni.

Börn, undir 18 ára aldri, hafa sérstök réttindi umfram hina fullorðnu samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mikilvægt er að taka tillit til þeirra réttinda í stefnunni þar sem hluti markhóps hennar eru börn.

Eins er mikilvægt að hvetja til þess að aldurs- og kynslóðagleraugum sé beitt í greiningu á allri stefnumótun, þar sem áhrif af ákvörðunum stjórnvalda eru ekki einungis greind á ungmenni heldur einnig á ólíka aldurshópa ungmenna. Hægt er að benda á leiðarvísi stjórnvalda um mat á hagsmunum barna í því samhengi.

2. Ungmennastefnan þarf að taka tillit til margþættrar jaðarsetningar og útilokunar

Samkvæmt áformaskjali stjórnvalda er ungmennastefnu ætlað að “stuðla að jöfnum tækifærum óháð uppruna, kyni, fötlun eða búsetu”. Til þess að ná þessu markmiði er mikilvægt að líta til þess hvernig jaðarsetning getur verið margþætt og leitt sum ungmenni, eða hópa ungmenna, til þess að upplifa útilokun frá áhrifum og tækifærum í samfélaginu.

Jaðarsetning og útilokun verða margþætt þegar ólíkir þættir sem stuðla að útilokun tvinnast saman og magna áhrif hvers annars. Til að mynda getur fatlað ungmenni af

erlendum uppruna orðið fyrir margþættri jaðarsetningu á grundvelli aldurs, fötlunar, og uppruna.

Við mótun ungmennastefnunnar er mikilvægt að greina helstu þætti sem valda jaðarsetningu og útilokun ungmenna á Íslandi, hvernig þeir tvinnast saman, og tryggja að þeim sé mætt með markvissum aðgerðum til inngildingar.

3. Mótun ungmennastefnu þarf að ná til ungmenna sem erfitt getur verið að ná til


Samráð hefur nú þegar átt sér stað við ýmsa aðila um mótun ungmennastefnunnar. Þetta er jákvætt. Mikilvægt er að tryggja að áframhaldandi samráð og samtal sem nær til fjölbreyttra hópa ungmenna.

Sérstaklega er mikilvægt að huga að samráði við ungmenni sem hafa síður tækifæri til þess að taka þátt í starfi á vettvöngum svo sem félagsmiðstöðvum, ungmennaráðum og félögum ungs fólks. Þetta getur til að mynda átt við um ungmenni sem hafa komið til Íslands sem flóttamenn eða umsækjendur um alþjóðlega vernd, ungmenni sem ekki tala íslensku, ungmenni sem búa við erfiðar félags- og/eða efnahagslegar aðstæður, ungmenni sem eru að afplána fangelsisdóma, sem og aðra hópa sem mæta jaðarsetningu og útilokun.

Til þess að ná til ungmenna sem mæta jaðarsetningu eða útilokun getur verið nauðsynlegt að fara til þeirra, í stað þess að ætlast til þess að þau mæti á samráðsviðburði. Undirbúa þarf samráðið vel til þess að tryggja að þau hafi raunverulega rödd og möguleika til áhrifa. Sumir hópar ungmenna eru oft útilokaðir frá þátttökutækifærum vegna hræðslu fullorðinna við að þátttaka þeirra gæti reynst þeim skaðleg eða verið flókin framkvæmdar. Þessir hópar eiga hins vegar sama rétt til þátttöku og aðrir og geta veitt verðmæta, gagnlega og sértæka innsýn.

Að lokum ítrekar UNICEF á Íslandi ánægju sína með áform um gerð ungmennastefnu Íslands, og það samráðsferli sem nú er hafið um gerð stefnunnar.

Virðingarfyllt,



Birna Þórarinsdóttir

Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi